



Haförninn er kominn aftur

Haförninn (*Haliaeetus albicilla*), einn stærsti fugl í Norður-Evrópu er kominn aftur. Saga arnarins er gott dæmi um að með verndar-aðgerðum má bjarga tegundum frá útrýmingu. Fyrir 200 árum verpti haförninn víðs vegar um Vestur-Evrópu, en í lok 19. aldar hvarf hann vegna ofsókna. Um miðja 20. öld var erninum aftur næstum útrýmt og þá í Norður-Evrópu og stafaði það aðallega af uppsöfnun og notkun eiturefna í umhverfinu.

Ógn af manna völdum

Útrýming hafarnarins á 19. öld og á fyrri hluta 20. aldar var að öllu leyti af manna-völdum. Fram til ársins 1905 voru greidd verðlaun fyrir að skjóta haförn á Íslandi og í Noregi var það gert allt fram á sjöunda áratuginn. Á Íslandi drapst örninn einnig vegna þess að hann át eitruð hræ sem lögð voru út til að eyða refum. Árið 1964 voru þessar aðferðir bannaðar og varð það erninum til lífs.

Notkun eiturefna eins og DDT og PCB var algeng í Evrópu á sjötta og áttunda áratugnum. Efnin geta hlaðist upp í fæðukeðjunni og hafa mest áhrif á dýr efst í henni þ.m.t. ránfugla eins og örninn, sem lifir að mestu á öðrum dýrum. DDT mengun olli því að eggjaskum fuglanna varð mjög þunn og eggin brotnuðu í hreiðrum þegar össurnar lágu á. Þetta varð til þess að örninn var í mikilli útrýmingarhættu á sjötta og áttunda áratugnum. Notkun DDT og PCB var algerlega bönnuð á Eystrasalts-svæðinu á áttunda áratugnum. Þegar notkun þessara efna var hætt tók það nokkra áratugi að viðkoma hafarnarins komst í eðlilegt horf. Í Noregi voru áhrif vegna umhverfiseiturefna miklu minni.

Hafarnir drápust einnig vegna kvikasilfurs- og blýeitrunar. Í Finnlandi hefur undanfarin ár mælst hátt innihald kvikasilfurs í örnnum sem veiða sér til matar við manngerð lón. Mörgum árum eftir að framkvæmdum við lón lýkur mælist enn kvikasilfur í þeim. Undir lok 20. aldar fundust á Álandseyjum ernir sem höfðu drepist af völdum blýeitrunar. Frá árinu 1996 hefur verið í gildi bann við að nota blýhögl við sjöfuglaveiðar í Finnlandi, en það bann nær ekki til Álandseyja.

... enn þann dag í dag

Ein alvarlegasta ógn sem steðjar að haförnum í dag eru vindorkugarðar sem verða æ algengari meðfram ströndum. Sama á við um svonefnda „dauðastaura“, en það eru rafmagnsstaurar sem staðsettir eru nálægt ströndum og á hölmum. Rafmagnsstaurarnir eru ágætis útsýnisstaðir fyrir ernina. Þegar fuglinn sest á staurinn getur hann orsakað skammhlaup með því að snerta línurnar með vængjunum og drepst hann þá yfirleitt samstundis. Á Álandseyjum hefur það gefið góða raun að setja upp auka þverbita efst á staurinn sem örninn getur sest á hættulaust. Í Svíþjóð hafa rafmagnsveitur einangrað rafmagnsstaura og spennubreyta með plastklæðningu til að koma í veg fyrir fugladauða vegna rafstraums.

Breytingar í landnýtingu, skógrækt og vegalagning á skógarsvæðum hefur einnig stofnað erninum í hættu. Einkum á Íslandi og í Noregi ógnar bygging frístundahúsa og lagning vega búsvæðum arnarins og sumstaðar í Noregi ýmis iðnaður. Aukin útivist og siglingar á búsvæðum arnarins getur einnig truflað ernina og haft mjög neikvæði áhrif, sérstaklega í slæmu árferði. Taka þarf meira tillit til búsvæða arnarins við skipulag landnýtingar.

Í Svíþjóð og Noregi kemur nokkuð oft fyrir að ernir drepast í árekstrum við bíla eða lestar þegar þeir laðast að hræjum dýra sem keyrt hefur verið á. Með því að fjarlægja skrokkana frá vegum og járnbrautarteinum mætti bjarga mörgum örnnum. Þó dregið hafi úr truflun, ofsóknum og óleyfilegum veiðum undanfarin ár, fara þær þó miður enn fram. Eftirspurn er enn eftir hafarnareggjum því ekki hefur tekist að koma afmáði í veg fyrir söfnun eggja.



Teikning: Jón Baldur Hlíðberg.

- ▶ Er í Suðaustur-Grænlandi, á Vestur-Íslandi, í Norður-Evrasíu allt að Kyrrahafi og Norðvestur-Siberíu.
- ▶ Sjaldgæfur eða útdauður í Vestur-Evrópu, algengari í Skandinavíu, Finnlandi, Þýskalandi, Póllandi og Austur-Evrópu.
- ▶ Eldri fuglar eru staðfuglar, margir yngri fuglar fara frá Noregi og finnska og sænska hluta Lapplands til stranda Noregs og frá Eystrasaltssvæðinu til Suðaustur-Finnlands, Álandseyja og mið- og syðri hluta Svíþjóðar.
- ▶ Verpir við strendur og stór vatnasvæði.
- ▶ Byggir hreiður á skógarsvæðum í stöðugum trjám, á trjálausum svæðum í Noregi. Á Grænlandi og á Íslandi byggir hann hreiður á klettasyllum, eyjum og skerjum, eða á víðavangi.
- ▶ Verpir 1-2 eggjum, jafnvel þremur í góðu árferði.
- ▶ Viðkvæmur á varptíma: vorhret eða truflanir af manna völdum geta rofið varp.
- ▶ Heldur sig við sömu staði og maka; vitað er til að varpsvæði hafi verið notuð í 100-150 ár.
- ▶ Lifir aðallega á fiski, fuglum og litlum spendýrum; á Eystrasaltssvæðinu einnig á dílaskarfi og útselskópum.
- ▶ Drepur hvorki hreindýr né fé, en étur hræ.

Í Svíþjóð falla á hverju ári margir ernir fyrir óleyfilegum veiðum og eitthvað er um að dauðir ernir með höglum í finnst á Íslandi. Á Norðurlöndum er refsivert að drepa haförn.

Markvissar verndaraðgerðir nauðsynlegar

Vetrarfóðrun hafarna á vegum hafnarverkefnis Finnlands og Svíþjóðar hefur verið mikilvæg verndaraðgerð. Vetrarfóðrun hófst í Svíþjóð og á Álandseyjum þegar á sjöunda áratugnum. Sjálfboðaliðar fóru með svínshræ út í skerjagarðinn og á önnur svæði í þeirri von að haförninn æti þau frekar en eiturefnamengaða fæðu úr náttúrunni.

Einkum ungir ernir höfðu hag af vetrarfóðruninni, sem hjálpaði þeim að lifa af fyrsta erfiða vetrinn. Í Svíþjóð er þessi fóðrun enn stunduð, en henni var hætt í Finnlandi árið 2000 þegar finnska hafnarverkefninu lauk, enda voru eiturefni í Eystrasalti ekki lengur yfir hættumörkum. Til að auðvelda talningu fugla og myndatöku er þó enn stunduð nokkur fóðrun.

Búsvæði hafarna og varpstaðir eru nú verndaðir á öllum Norðurlöndunum nema í Noregi, en þar er fuglinn algengur. Við umhirðu skóga ber að hlífa varpstöðum og þau tré friðuð sem örn hefur gert sér hreiður í. Í Finnlandi eru öll tré með arnarhreiðrum friðlýst. Í Finnlandi hafa einnig verið gerð hreiður fyrir erni á þeim svæðum þar sem er skortur á hentugum trjám til hreiðurgerðar.

Árið 1992 fóru Danir að dæmi Finna og Svía og hrintu í framkvæmd verkefni til að stuðla að því að haförn og gullörn verptu í Danmörku. Fram til ársins 2040 er markmið verkefnisins að hafnarstofninn vaxi upp í 75 varppör. Verkefnið hefur gengið vel og eru hafarnarpörin orðin 16.

Fylgst er nákvæmlega með haferninum og leitast er við að hringmerkja alla unga í hreiðrum. Litmerkingarverkefni sem níu lönd í Norður-Evrópu taka þátt í hófst árið 1976. Fuglarnir eru taldir úr feluskýlum við fóðrunarstöðvar og lesið er af hringjunum með sjónauka. Á hringjunum eru upplýsingar um hvenær og hvar fuglarnir voru merktir ásamt öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til vísindalegrar úrvinnslu.

Bjart framundan


Framtíð hafnarins á Norðurlöndum er björt ef dregið verður úr þeim hættum sem fylgja vindmyllum og rafmagnslínunum, ofsóknum verður hætt og landnýting og löggjöf próast í rétta átt. Enn er þó þátttaka sjálfboðaliða nauðsynleg við framkvæmd verndaraðgerða á Norðurlöndum. Til viðbótar óopinberu samstarfi sem nú fer fram á Norðurlöndum væri ástæða til að stofna samnorrænan starfshóp um málefni hafnarins. Meðal annars mætti setja á fót Norrænan arnardag að dönsku fordæmi.

Yfirlit: Ástand hafnarins á Norðurlöndum

| | Finnland 2007 | Svíþjóð 2006 | Noregur 2007 | Danmörk 2006 | Færeyjar 2007 | Grænland 2007 | Ísland 2006 |
|------------------|---------------------------------|------------------|--------------|---------------------|---------------|---------------------|-------------|
| Heiti | merikotka | havsörn | havörn | havörn | havörn | nattoralik | haförn |
| Fjöldi para | 271, þar af 88 á Álandseyjum | 500 | 3500–4000 | 16 | 0 | 150–200 | 63 |
| Ástand (IUCN LC) | í yfirvofandi hættu | ekki háður vernd | ekki í hættu | í yfirvofandi hættu | ekkert mat | í yfirvofandi hættu | í hættu |
| Friðun | Álandseyjar 1924, Finnland 1926 | 1924 | 1968 | 1922 | 1954 | 1973 | 1914 |



Fjöldi hafnarunga á Norðurlöndum



Flestir hafarnir í Noregi

Á Grænlandi er stofninn stöðugur og annars staðar á Norðurlöndum fer erninum fjölgandi. Það má sjá á vaxandi fjölda unga. Núna eru u.þ.b. 4500 pör á Norðurlöndum og af þeim verpa 3500 í Noregi. Í Færeyjum verpir enginn haförn og ber sérfræðingum ekki saman um hvort hann hafi nokkurn tíma gert það. Hann hefur þó sést þar og dæmi eru um að örn hafi verið skotinn í Færeyjum. Norski hafnarstofninn er stærstur í Evrópu og því bera Norðmenn ábyrgð gagnvart stofninum í Evrópu í heild sinni. Frá Noregi hafa verið fluttir ungar til Skotlands og Írlands, en þar voru stofnarnir út dauðir. Heimildir: Finnland - Torsten Stjernberg, WWF Finlands havsörsarbetsgrupp, Svíþjóð - Björn Helander, Natur-historiska riksmuseet, Stockholm, Danmörk - Ehmsen, E & L. Pedersen (2006): Årsrapport for Projekt Ørn 2006, Dansk Ornitologisk Forening, Ísland - Kristinn H Skarphéðinsson, The Icelandic Institute of Natural History.

Heimildaskrá á heimasíðu upplýsingablaðsins: www.miljo.fi/nordensnatur > Upplýsingablað > Haförninn er kominn aftur